



HÉRAÐSDÓMUR
AUSTURLANDS

DÓMUR

22. febrúar 2017

Mál nr. E-60/2016:

Stefnandi: Eypór Ingi Benediktsson
(Eva Dís Pálmadóttir hrl.)

Stefndi: Kári Borgar ehf.
(Kári Borgar Arngrímsson, fyrirvarsmaður stefnda)

Dómari: Hildur Briem héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands miðvikudaginn 22. febrúar 2017 í máli nr. E-60/2016:

Eypór Ingi Benediktsson

(Eva Dís Pálmadóttir hrl.)

gegn

Kára Borgari ehf.

(Kári Borgar Arngrímsson, fyrirsvarsaður stefnda)

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. janúar 2017, höfðaði Eypór Ingi Benediktsson, Lækjargötu 6a, Reykjavík, 2. september 2016, á hendur Kára Borgari ehf., Hamraborg, Borgarfirði eystri.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að hið stefnda einkahlutafélag verði dæmt til að greiða stefnanda vangreidd laun að fjárhæð 446.468 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá 1. nóvember 2015 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar.

I

Málsatvik

Helstu málsatvik eru þau að stefnandi starfaði sem skipverji hjá útgerð stefnda frá mars til október 2015. Fékk hann greidd laun í samræmi við útgefna launaseðla á því tímabili. Liggja launaseðlarnir fyrir í málinu. Óumdeilt er að ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur milli aðila.

Eftir að starfstíma hans hjá stefnda lauk kveðst stefnandi hafa leitað til Afls Starfsgreinafélags og óskað eftir yfirferð á launaseðlum sínum, m.t.t. þess hvort hann ætti inni vangreidd orlofslaun. Kveður stefnandi kröfu sína í málinu einskorðast við þetta atriði. Lögmaður Afls Starfsgreinafélags hafi reynt að innheimta kröfuna, án árangurs og sé málsóknin því nauðsynleg.

Stefndi kveður munnlegan ráðningarsamning hafa tekist milli aðila þar sem samið hafi verið um laun langt umfram kjarasamning, en jafnframt hafi verið samið um að orlof yrði innifalið í laununum. Kveður stefndi að þannig hafi málum verið háttáð í rekstri hans gagnvart öllum starfsmönnum.

Ágreiningur aðila í máli þessu afmarkast við það hvort orlofslaun hafi verið innifalin í launagreiðslum til stefnanda.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu. Af hálfu stefnda voru leiddir sem vitni Einar Magni Jónsson, Eypór Stefánsson og Vitali Zadoja. Verður vikið að framburði aðila og vitna eftir því sem þurfa þykir í niðurstöðukafli.

II

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á því að um kjör hans fari eftir kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands (SSÍ), Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ) og VM – Félags vélstjóra og málmtækimanna (VM) annars vegar og Landssambands smábátaeigenda (LSS) hins vegar um kaup og kjör á smábátum, sem undirritaður var 29. ágúst 2012 (hér eftir nefndur kjarasamningurinn). Atvinnugrein stefnda sé útgerð smábáta. Vísar stefnandi til þess að samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, skuli laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um vera lágmarkskjör. Samningar um lakari kjör skuli ógildir.

Í stefnu er krafa stefnanda sundurliðuð svo að laun hans á tímabilinu mars til október 2015 hafi numið 4.514.278 krónum, en þar af hafi sjúkradagpeningar numið 107.231 krónu og dagpeningar 17.000 krónum. Laun fyrir utan þá liði hafi numið 4.390.047 krónum. Samkvæmt 8. gr. kjarasamningsins sé lágmarksorlof 10,17% af þeim launum, eða 446.467 krónur. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi átt að greiða honum orlofið. Um það vísist einnig til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof. Orlofið hafi átt að greiða stefnanda út við starfslok, sbr. 8. gr. laga nr. 30/1987. Í raun hefði stefnandi átt að fá greitt orlof vegna mars og apríl 2015 í maí það ár en hann takmarki vaxtakröfu sína við að orlofið skyldi allt greiðast við starfslok.

Stefnandi vísar til þess að af tölvupóstsamskiptum fyrirsvarsmanns stefnda við lögmann stefnanda megi ráða að stefndi byggir á því að munnlegt samkomulag hafi verið milli stefnanda og stefnda og að orlof hafi verið greitt stefnanda út samkvæmt samkomulagi. Þessu kveðst stefnandi alfarið hafna og jafnframt því að orlof hafi á einhvern hátt verið innifalið í öðrum launum hans hjá stefnda. Ekkert á launaseðlum bendi til þess. Á stefnda hafi hvílt sú skylda að gera skriflegan ráðningarsamning við stefnanda. Vísar stefnandi þar um til almennra reglna vinnuréttarins. Þar sem stefndi hafi látið það fyrir farast verði hann að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem upp

kunni að koma þegar aðila greini á um greiðslu orlofs og engin gögn liggi fyrir sem bendi til þess að það hafi verið uppgert. Hyggist stefndi halda því fram að stefnandi hafi fengið greiddan hluta af launum sínum, s.s. orlof, með öðrum hætti en með peningum, þ. á m. skuldajöfnuði, sé því einnig hafnað. Jafnframt sé vísað til 1. gr. laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups, varðandi skyldu til greiðslu launa í peningum.

Með tölvupósti 13. júní 2016 hafi fyrirsvarsmanni stefnda verið bent á að ef hann teldi sig hafa sönnunargögn því til staðfestingar að samið hefði verið um að orlof skyldi ekki leggjast ofan á laun samkvæmt hefðbundnum reglum mætti senda lögmanni stefnda slík gögn og þau yrðu þá skoðuð. Stefndi hafi engin slík gögn sent og hafi engar tilraunir gert til að rökstyðja staðhæfingar sínar.

Krafist sé brúttólauna þar sem stefnandi hafi ekki undir höndum launaseðla sem sönnun fyrir afdreginni staðgreiðslu, sbr. 22. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, og sé því ábyrgur fyrir skilum hennar með vinnuveitanda.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, kveðst stefnandi styðja við reglur III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísist til 33. og 38. gr. laga nr. 91/1991.

III

Málsástæður stefnda

Stefndi kveðst byggja dómkröfu sína um sýknu á því að stefnandi hafi nú þegar fengið greidd að fullu þau orlofslaun sem hann krefjist greiðslu á í máli þessu.

Samið hafi verið við stefnanda um að orlofslaun væru innifalin í launagreiðslum hans. Óumdeilt sé að stefnandi hafi átt rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt 1. gr. laga nr. 30/1987 um orlof og gildandi kjarasamningi. Við samanburð á launaseðlum stefnanda og kjarasamningnum sjáist að laun stefnanda hafi verið umtalsvert hærri en lágmarkslaun.

Af málatilbúnaði stefnanda verði ráðið að hann byggi mál sitt á því að stefndi hafi ekki greitt honum laun í samræmi við kjarasamning. Telji stefnandi þannig að ekki hafi verið farið eftir ákvæðum kjarasamnings með því að form launaseðla hafi ekki verið rétt hvað varði sundurliðun launa. Stefndi bendir á að form launaseðils ráði

ekki úrslitum um það hvort stefndi hafi brotið gegn kjarasamningi, heldur verði að líta til þess hver heildarkjör stefnanda hafi verið hjá stefnda og að þau hafi verið að minnsta kosti jafngóð og kveðið hafi verið á um í kjarasamningi. Ekki leiki nokkur vafi á um að allan starfstíma stefnanda hjá stefnda hafi kjör hans í heild verið umtalsvert umfram þau kjör sem honum hafi borið samkvæmt kjarasamningi.

Varðandi tilvísun stefnanda til 1. gr. laga nr. 55/1980 bendir stefndi á að á vinnumarkaði ríki samningsfrelsi sem almennt verði ekki takmarkað af öðru en kjarasamningum og tilvitnaðri lagagrein. Banni sú lagagrein ekki að samið sé um betri kjör starfsmanni til handa, en ljóst sé að heildarlaun stefnanda hafi verið langt umfram þau lágmarksjör sem kveðið sé á um í kjarasamningum.

Varðandi tilvísun stefnanda til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987, telji stefndi það ákvæði ekki útiloka að samið sé um að greiðslu orlofslauna sé háttað með öðrum hætti en lögin mæli fyrir um. Þannig sé heimilað samkvæmt 4. mgr. greinarinnar að greiðslur fari fram með þeim hætti sem gert var. Hafi allir starfsmenn stefnda fengið greidd orlofslaun með sama hætti og stefnandi og sé því skilyrði 4. mgr. greinarinnar uppfyllt.

Stefndi bendir enn fremur á að stefnandi hafi ekki haft uppi nein mótmæli við þeim hætti sem orlofslaun voru greidd á starfstíma hans hjá stefnda. Þvert á móti hafi stefnandi óskað eftir því að fá sem mestan hluta af launum sínum, þ.m.t. orlofsgreiðslur, eins fljótt og kostur var sökum bágrar fjárhagsstöðu sinnar. Telji stefndi að ástæða málshöfðunar þessarar sé óvild stefnanda í garð fyrirsvarsmanns stefnda.

Munnlegur samningur hafi verið við lýði um að orlof yrði greitt á sama tíma og önnur laun og það sé hægt að sýna fram á að sams konar munnlegir samningar við aðra starfsmenn stefnda séu í gildi enn þann dag í dag og hafi verið í gildi áður. Aldrei hafi verið sett út á þetta fyrirkomulag og sé öllum starfsmönnum stefnda ljóst að orlof sé innifalið í launagreiðslum þeirra.

Stefndi bendir á að Fálkatindur, báturinn sem stefnandi hafi starfað á, hafi lent í úttekt hjá Verðlagsstofu skiptaverðs vegna mars og apríl 2016. Stofnunin hafi ekkert haft út á það að setja hvernig gert hafi verið upp hjá fyrirtækinu, en það hafi verið gert með sama hætti og á árinu 2015 er stefnandi var í vinnu hjá fyrirstækinu. Greinilegt sé að laun séu reiknuð löglega og rétt miðað við aflaverðmæti að mati Verðlagsstofu skiptaverðs.

Í greinargerð stefnda er einnig vikið að atriðum er hann telur hafa þýðingu við mat á trúverðugleika stefnanda annars vegar og fyrirsvarsmanns stefnda hins vegar, sem ekki þykir þörf á að rekja hér.

Loks vísar stefndi til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings kröfu sinni um málskostnað og kveður kröfu um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun reista á lögum nr. 50/1988.

IV

Niðurstaða

Aðilar deila um það hvort stefnandi eigi inni vangreidd orlofslaun hjá stefnanda. Stefndi heldur því fram að orlofslaun hafi verið innifalin í umsömdum mánaðarlegum launagreiðslum til stefnanda á starfstíma hans hjá stefnda, samkvæmt samkomulagi aðila, en stefnandi hafi óskað eftir því að fá sem mestan hluta launa sinna, þ.m.t. orlofslaun, greiddan eins fljótt og kostur væri, sökum bágrar fjárhagsstöðu sinnar. Þessu mótmælir stefnandi.

Að öðru leyti eru atvik að mestu óumdeild, svo sem það að stefnandi starfaði hjá stefnda á því tímabili sem krafan nær til og að hann fékk greidd laun í samræmi við fyrirliggjandi launaseðla. Þá er óumdeilt að orlofslaunaprósentan hafi átt að vera 10,17% í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof og 8. gr. kjarasamningsins sem nefndur er í upphafi kafla II hér að framan. Eru aðilar sammála um að leggja beri þann kjarasamning til grundvallar um lágmarkskjör stefnanda. Þá er, eins og fyrr sagði, óumdeilt að ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur milli aðila.

Lýtur ágreiningur aðila þannig að því hver hafi verið umsamin launakjör stefnanda, en takmarkast við það atriði hvort orlofslaun hafi átt að vera þar innifalin.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda skulu laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til og skulu samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða vera ógildir.

Ekkert er því til fyrirstöðu að samið sé um betri kjör til handa launþega en kveðið er á um í kjarasamningi. Skilja verður málatilbúnað stefnda svo að hann sé sammála stefnanda um að samið hafi verið munnlega um launakjör umfram

lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningi, en deilan standi um það hve langt umfram lágmarkskjör launin hafi átt að vera. Afmarkast ágreiningurinn þar, eins og fyrr sagði, við það hvort orlofslaun hafi átt að vera innifalin í launagreiðslum sem stefnandi fékk.

Undir rekstri málsins skoraði stefnandi m.a. á stefnda að leggja fram í málinu gögn er sýndu útreikninga að baki launaseðlum stefnanda. Af gögnum sem stefndi lagði fram í tilefni af þeirri áskorun („fylgiblað með launauppgjöri“) verður með engu móti ráðið hvort og þá hvernig orlofslaun stefnanda hafi verið reiknuð. Það verður heldur ekki ráðið af öðrum gögnum málsins. Stefndi lagði aftur á móti fram í málinu útreikninga sína á því hver lágmarkslaun stefnanda hefðu átt að vera, að meðtöldum orlofslaunum, og ber þær tölur saman við launagreiðslur til stefnanda samkvæmt launaseðlum. Samkvæmt útreikningum stefnda voru brúttólaun stefnanda hærri en lágmarkslaun með orlofi svo munaði ríflega einni milljón króna í heild á öllu tímabilinu. Útreikningum stefnda er þó alfarið mótmælt af hálfu stefnanda, bæði réttmæti þeirra og þýðingu í málinu.

Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof hvílir fortakslaus skylda á atvinnurekanda að skrá sérstaklega á launaseðil við hverja launagreiðslu, bæði samtölu áunninna orlofslauna frá upphafi orlofsárs og orlofslaun vegna þess greiðslutímabils. Óumdeilt er að eftir þessum lagafyrirmælum var ekki farið við launagreiðslur stefnda til stefnanda. Þá er óumdeilt að stefndi vanrækti að gera skriflegan ráðningarsamning við stefnanda, svo sem skylt er samkvæmt 6. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Hefur vanræksla af síðastnefndu tagi ein og sér leitt til þess í dómaframkvæmd að atvinnurekandi hefur verið látinn bera hallann af skorti á sönnun um ráðningarkjör. Má um það atriði t.d. vísa til dóms Hæstaréttar frá 1. febrúar 2001 í máli nr. 294/2000.

Samkvæmt launaseðlum stefnanda hafa laun hans annars vegar verið greidd sem „hlutur“, sem nánar er tilgreindur, s.s. „v/ línuveiða“, og hins vegar sem tímavinna á mismunandi tímagjaldi, s.s. vegna vinnu „í netum“, „beitning á bjóði“ og yfirvinnu. Undir liðnum „frádráttur“ er á launaseðlunum getið um iðgjöld til líffeyrissjóðs, félagsgjöld og staðgreiðslu skatta, auk þess sem á öllum seðlunum kemur fram að stefnandi hafi fengið „fyrirfram greitt“, misháar fjárhæðir. Hvergi er á launaseðlunum getið um orlofslaun og er ekki á því byggt af hálfu stefnda að þess sjái með nokkru móti stað á launaseðlunum hvernar fjárhæðar orlofslaunin voru. Að þessu leyti eru málsatvik hér ólík þeim atvikum sem til umfjöllunar voru í dómi Hæstaréttar frá 19. júní 2013 í máli nr. 106/2013, sem stefndi hefur einkum vísað til, til stuðnings

kröfu um sýknu. Í dómi Hæstaréttar í því máli kemur fram að með fáeinum undantekningum hafi verið fastur frádráttarliður að tiltekinni fjárhæð á mánaðarlegum launaseðlum áfrýjanda, sem sagður hafi verið vegna orlofs og hafi fjárhæðin verið lögð inn á sérstakan bankareikning. Er niðurstaða réttarins í málinu auk þess studd rökum um tómlæti, sem ekki þykja eiga við í máli því sem hér er til umfjöllunar, enda verður ekki annað séð en að stefnandi hafi haldið fram kröfu sinni um orlofslaun jafnskjótt og tilefni gafst til. Nefndur dómur Hæstaréttar getur því ekki talist hafa beint fordæmisgildi í máli þessu.

Stefndi ber jafnframt fyrir sig ákvæði 4. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987 er heimilar að orlofslaun séu greidd „mánaðarkaupsmönnum“ á sama tíma og reglubundnar launagreiðslur fara fram, að því skilyrði uppfylltu að meiri hluti þeirra sé því samþykktur. Þeir fyrrverandi og núverandi starfsmenn sem stefndi leiddi til vitnis við aðalmeðferð málsins báru allir þrír um að þeim hefði verið gerð grein fyrir því að orlofslaun væru innifalin í launagreiðslum þeirra, þótt það kæmi ekki fram á launaseðlum, og kváðust sáttir við þá tilhögun. Við mat á framburði vitnanna verður í öllum tilvikum að líta til vinnutengsla þeirra við stefnda og annarra tengsla þeirra við fyrirsvarsmann stefnda sem vitnin lýstu fyrir dómi. Mestu máli skiptir þó að í framburði tveggja vitnanna, Einars Magna Jónssonar og Eypórs Stefánssonar, kom fram að þeir hefðu ekki starfað hjá stefnda á sama tíma og stefnandi. Þykir ósannað, með þeirri sönnunarfærslu sem fram hefur farið í málinu, að skilyrði nefnds heimildarákvæðis hafi verið uppfyllt. Þá geta munnlegir samningar stefnda við aðra starfsmenn sína en stefnanda eðli máls samkvæmt vart haft gildi við sönnun um efni munnlegs samkomulags aðila þessa máls.

Enn fremur verður ekki séð að gögn sem stefndi hefur fært fram um athugun Verðlagsstofu skiptaverðs á uppgjöri útgerðarinnar við skipverja á Fálkatindi NS-99 í mars og apríl 2016 hafi nokkra þýðingu til sönnunar um það hvort orlofslaun hafi verið réttilega reiknuð, hvað þá um það hvort þau hafi verið innifalin í launagreiðslum. Vísast þar m.a. til takmarkaðs hlutverks Verðlagsstofu skiptaverðs samkvæmt 1. gr. laga nr. 13/1998.

Samkvæmt framanrituðu og að virtum gögnum málsins verður stefndi, gegn mótmælum stefnanda, að bera hallann af sönnunarskortum um umsamin launakjör stefnanda og því að ósannað telst að orlofslaun hafi réttilega verið innifalin í þeim samkvæmt samkomulagi aðila eða á grundvelli heimildarákvæðis 4. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987. Þar sem öllum málsástæðum stefnda hefur verið hafnað er fallist á það

með stefnanda að hann eigi inni vangreidd orlofslaun hjá stefnda. Stefnufjárhæðinni og útreikningi á henni hefur ekki verið mótmælt tölulega. Þá hefur kröfum um dráttarvexti, þ.m.t. upphafstíma dráttarvaxta, ekki verið mótmælt sérstaklega. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda stefnufjárhæðina, 446.468 krónur, með dráttarvöxtum eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir úrslitum málsins, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn, með hliðsjón af tímaskýrslu lögmanns stefnanda, 750.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnanda flutti málið Eva Dis Pálmadóttir hrl., en fyrirvarsmaður stefnda, Kári Borgar Ásgrímsson, flutti sjálfur málið af hálfu stefnda.

Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kári Borgar ehf., greiði stefnanda, Eyþóri Inga Benediktssyni, 446.468 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá 1. nóvember 2015 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 750.000 krónur í málskostnað.

Hildur Briem

Rétt endurrit staðfesti
í Héraðsdómi Austurlanda Gjalfríki

22.02.17

Gratir

